

Fréttabréf

Íslenska bútaumsfélagið

Útgefandi Íslenska bútaumsfélagið, Austurbrún 21, 104 Reykjavík
2. tbl. 11. árgangur 2011

Teppi eftir Ingibjörgu Guðjónsdóttur



MEISTARI Í BÚTASAUMI



Frábær vél í búta-
saum og quiltingu,
bæði fríhendis og
til að quilta blokkir

Husqvarna Designer Diamond útsaumsvél
með ramma allt upp í 360x350 mm.

PFAFF

Pfaff • Grensásvegi 13 • Sími 414 0400 • www.pfaff.is


Super ný efnalína frá Guðrúnu Erlu




Quiltbúðin
bútaumur • handavirna • garn

Quiltbúðin - Sunnuhlíð 12 - 603 Akureyri
Sími 461 2241 - www.quiltbúðin.is

1. Sníða $1 \times 2 \frac{1}{2} \times 2 \frac{1}{2}$ tommu ferhyrning í ljósum lit. (litur A)
2. Sníða $2 \times 2 \frac{1}{2} \times 2$ tommu ferninga og sauma þá sitthvorumegin við ljósa ferhyrninginn. (litur B).



3. Sníða $2 \times 2 \times 5 \frac{1}{2}$ tommu lengjur (litur B) og sauma þær ofan og neðan við það sem á undan er komið.



4. Sníða $2 \times 3 \times 5 \frac{1}{2}$ tommu ferninga (efni B eða C) og sauma við hliðarnar á ferhyrningnum úr 3ja þrepi.
5. Sníða $2 \times 10 \frac{1}{2} \times 3$ tommu ræmur (efni B eða C Sama og í þrepi 4) og sauma ofan og neðan á þrepi 4.

Munið að strauja saumana inn að dekkri litnum.
Blokkin endar í $10 \frac{1}{2}$ tommu.

Blokkahappdrætti á aðalfundi

Á aðalfundi félagsins 12. maí 2012 er ætlunin að vera með blokkahappdrætti. Blokkinn á að vera $10 \frac{1}{2}$ " fyrir utan saumfar (11 " samtals).

Hér fylgir uppskriftin af blokkinni, en hún má vera með öðru sniði, t.d. með minni eða aflöngum ferning en stærðin verður að vera $10 \frac{1}{2}$ ". Miðjan á að vera ljós en hver og einn ræður litavali (2 eða 3 litir).

Stjórn hvetur til þátttöku. Munið að merkja blokkina/blokkirnar. Dregið verður úr nöfnum þeirra sem koma með blokk/ir.

Munstrið af blokkinni er fengið úr bók eftir Debby Mum, stælt og staðfært af Sigríði Poulsen.

f.h. sýninga- og fræðslunefndar
Sigríður Poulsen

Efnisyfirlit

Kæru félagsmenn	3
Næsta verkefni EQA – Krossgötur	3
Fjölbreytileiki Evrópu 2012	3
Dagskrá félagsfunda veturinn 2011-2012	4
Skýrsla formanns frá aðalfundi 2011	5
Frúrnar í bútum og karlarnir í golfi	6
Frá hugmynd að verki	8
Um hetjuteppaverkefnið 2011	9
Sýnishornateppi Vinabandsins	10
Hjartataska	12
„Crazy Quilt“	13
Bútasauumshátíð í Birmingham 2011	14
Vinahringir. Samsýning Evrópskra bútasauumfélaga	15
Skapandi systur	16
Þríhyrninga-ferningar	17
Bókaumfjöllun	20
Ráð fyrir vélstungu	21
Jólateppi 2010	21
Stjórn og nefndir	22

Teppið á forsiðu: Forsíðuna prýðir að þessu sinni teppi eftir listakonuna Ingibjörgu Guðjónsdóttur frá Akranesi. Teppið er 260 x 170 sm á stærð. Myndin er tekin af Margréti Óskarsdóttur.

Teppið á baksíðu: Teppi á baksíðu er saumað af Guðrúnu Snæbjörnsdóttir sem gjöf handa tengdasyninum. Teppið er 170 x 130 sm á stærð. Myndin er tekin af Margréti Óskarsdóttur.

Útgefandi: Íslenska bútasauumfélagið
Ábyrgðarmaður: Lovísa Jónsdóttir
Ritnefnd: Margrét Óskarsdóttir
margreto@lv.is
Þórunn Oddsóttir
thorunno@lv.is
Heimilisfang: Austurbrún 21, 104 Reykjavík
Sími: 553 6401
Heimasíða: www.butasaumur.is
Netfang: fingurbjorg@gmail.com
Umbrot og prentun: Leturprent
Prófarkarlestur: Kristín Jónsdóttir
og Valgerður Óskarsdóttir

Kæru félagsmenn

Nú í haust er 11. starfsári Íslenska bútasauumfélagsins að ljúka. Félagið hefur, ef svo má segja, slitið barnskónum og nú taka við þroskaár táningsins. Á þessum árum hefur orðið bylting á aðgengi og útbreiðslu á fræðsluefni í gegnum veraldarvefinn, sem við höfum frjálstan aðgang að.

Ekkert jafnast þó á við mannleg samskipti, að fá að sjá og upplifa það sem aðrir eru að gera, geta rætt við leiðbeinendur og sýnendur. Þess vegna eru fundirnir svo mikilvægir í okkar starfi, þegar við komum saman og lærum hver af annarri.

Á næsta starfsári verða ekki gerðar miklar breytingar á starfi félagsins, má segja að það hafi fundið sinn farveg. Þó verður bryddað uppá einni breytingu, við verðum með einn saumadag í staðinn fyrir venjubundinn fund. Þar koma félagar saman á laugardegi og sauma saman.

Ef þið hafið sérstakar óskir um fræðsluefni á fundum eða í blaðinu endilega hafið samband og bendið okkur á áhugavert efni. Félagið verður ekki betra eða skemmtilegra en þeir sem eru í því. Við sjálf getum gert félagið skemmtilegt og fróðlegt.

*Með ósk um góðan saumavetur,
Lovísa Jónsdóttir, formaður*

Næsta verkefni EQA – Krossgötur

Að ári þarf hvert aðildarland samtaka Evrópskra bútasauumfélaga (EQA) að leggja fram 10 verk af stærðinni 20*50cm (h*b) með þemanu Krossgötur sem bæði má túlka bókstaflega eða í óeiginlegri merkingu. Verkin verða sett upp á bútasauumshátíðinni í Birmingham 2012 og verða væntanlega síðan send sem farandsýning á milli aðildarlandanna 18. Nánari reglur verða auglýstar á félagsfundum og birtar á heimasíðu félagsins.

*Nánari upplýsingar veitir Erla Sigurðardóttir,
erla.thimble@gmail.com.*

Fjölbreytileiki Evrópu 2012

Tilnefningar óskast fyrir sýninguna Fjölbreytileiki Evrópu 2012. Hvert aðildarland EQA tilnefnir eitt verk sem sett verður upp í Birmingham í ágúst 2012 en hátíðina sækja yfir 30 þúsund gestir. Miðað er við að verkin séu ekki eldri en fimm ára og sýni einkenni Evrópskra bútasauumverka í lita- og efnisvali. Verkin skulu ekki vera minni en 3 metrar að ummáli og ekki stærri en 9 metrar. Óskað er eftir skriflegum tilnefningum fyrir 1. mars 2012 á bútasauumverkum fyrir sýninguna. Auk nafns höfundar og heiti verksins þarf lýsing á verkinu fyrir sýningarskrá ásamt mynd. Ef margar tillögur berast verður skipuð dómnefnd er velur verkið.

*Nánari upplýsingar veitir Erla Sigurðardóttir,
erla.thimble@gmail.com.*

Dagskrá félagsfunda veturinn 2011-2012

Fundir verða haldnir í Safnaðarheimili Fella og Hólakirkju, kl. 20:00-22:00. Mætum stundvíslega. Aðgangseyrir kr. 500.-.

Miðvikudagur 28. september 2011

- Ásdís Erla Guðjónsdóttir hönnuður Dísuklúbbsins, kynnir verk sín
- Kynningar á samkeppnum. EQA fulltrúi og samkeppni fyrir aðalfund. Strandmenning 2012, NQA o.fl.
- Önnur mál/ kaffihlé
- Happdrætti
- Sýnt og sagt frá

Laugardagur 29. október 2011, kl. 10-16. Saumadagur Saumað af hjartans list

- Sýnikennsla. Ingibjörg Guðjónsdóttir. Hafa meðferðis Þrjú mismunandi efni og annað sem þarf til sauma (saumavél og millistykki)
- Origami. Sýnikennsla frá Japanska félaginu á Íslandi. Efni sem nýtast í origamibrot, magn að eigin vali
- Quiltbúðin mætir og kynnir sína vöru

Miðvikudagur 30. nóvember 2011. Jólafundur

- Bergþór Pálsson kemur í heimsókn
- Jólapakkar. Allar mæta með jólapakka sem er bútasaumstengdur, hver gefur pakka eins og hann óskar sjálfum sér (ekki pakka inn)
- Jólakaffi og spjall
- Félagar hvattir til að koma með jólatengd verk sem þeir hafa gert til að gera jólalegt hjá okkur

Miðvikudagur 25. janúar 2012

- Kristín Linda Jónsdóttir, ritstjóri Freyjunnar
- Önnur mál/kaffihlé og spjall
- Happdrætti
- Sýnt og sagt frá

Miðvikudagur 29. febrúar 2012

- Soffía Magnúsdóttir, textilkennari o.fl.
- Önnur mál/kaffihlé og spjall
- Örnámskeið. Borghildur Ingvarsdóttir, rósettugerð
- Happdrætti
- Sýnt og sagt frá

Miðvikudagur 28. mars 2012

- Sólblómabema. Saumakvöld
- Litafjör. Regína Eiríksdóttir
- Önnur mál/kaffihlé
- Happdrætti
- Quiltkarfan verður með kynningu
- Sýnt og sagt frá

Miðvikudagur 26. apríl 2012

- Vorið í garðinum. Ragnheiður Björnsdóttir
- Önnur mál/kaffihlé
- Happdrætti
- Sýnt og sagt frá

Laugardagur 12. maí 2012, Gerðubergi

- Aðalfundur
- Venjuleg aðalfundarstörf
- Námskeið

Stjórn áskilur sér rétt til að gera breytingar á áður auglýstri dagskrá.

Fréttatilkynning frá „Munaðarleysingjunum“

Fundir falla niður þar sem ekkert hús-næði er í boði á þeim góðu kjörum sem við höfum notið í Nethylnum hjá Íslenska heimilisiðnaðarfélaginu sem fullnýta húsið sitt í vetur.

*Með kveðju
Sirrý*

Skýrsla formanns frá aðalfundi 2011

Íslenska bútasamsfélagið stóð fyrir hátíð í Perlunni dagana 10. – 19. september í tilefni 10 ára afmælis félagsins. Afmælisnefnd skipuð þeim Önnu Margréti Árnadóttur, Birnu Guðmundsdóttur, Gróu Friðgeirsdóttur og Ragnheiði Björnsdóttur skipulögðu afmælishátíðina. Þar voru til sýnis teppi sem spönnuðu 30 ára sögu bútasams á Íslandi, saumahorn þar sem konur saumuðu Hetjuteppi og sölubás þar sem varningur félagsins var til sölu.

Á sama tíma var efnt til samkeppni um tækifæriskort sem var vel sótt. Félögum í Evrópusamtökunum EQA var boðin þátttaka, 70 teppi bárust og kom tæplega helmingur þeirra að utan. Skemmtileg dreifing var á vinningshöfum teppanna. Einn sigurvegari var íslenskur, Lynda Harðardóttir, einn var íslensk kona búsett erlendis, Pála Klein, og einn sigurvegari var hollensk kona, Inge Duin.

Samhliða sýningunni í Perlunni var haldin sýning 14. – 19. september í Ráðhúsi Reykjavíkur. Þar voru sýnd teppi úr samkeppni EQA sem frumsýnd hafði verið mánuðinn áður á sýningunni „Festival of Quilts“ í Birmingham.

Félagsstarfið var með hefðbundnu sniði, félagsfundir voru haldnir í Fella- og Hólakirkju. Haustið 2010 voru haldnir þrír fundir og vorið 2011 voru haldnir fjórir fundir. Auk þess var haldinn saumadagur í janúar þar sem saumuð voru hetjuteppi. Gátu þátttakendur saumað hvort heldur sem var eigin teppi, eða nýtt efni sem félagskonur höfðu gefið á fundum og umsjónarmenn hetjuverkefnisins höfðu skorið í teppi, tilbúið að sauma. Verður að segja alveg eins og er að þessi tilraun mistókst og verður ekki endurtekin. Á saumadeginum mættu stjórnar- og nefndarkonur, auk tveggja einstaklega áhugasamra félagskvenna sem saumuðu hvor sitt teppið.

Á félagsfundum í vetur var dagskrárliðurinn „Show and Tell“, eða „sýnt og sagt frá“ eins og við köllum hann. Þar koma fundarmenn með teppi sem

þeir hafa klárað frá síðasta fundi og segja stuttlega frá. Vel hefur verið tekið í þennan dagskrárlið og virðist hann ætla að festast í sessi.

Nokkrar listakonur héldu erindi á félagsfundum sem voru fróðleg og skemmtileg. Sömuleiðis héldu tvær félagskonur einstaklega skemmtileg erindi. Þetta voru þær Iðunn Leifsdóttir og Berglind Snæland og vil ég þakka þeim kærlega fyrir þann mikla undirbúning sem þær lögðu á sig og fyrir þau fróðlegu erindi sem þær fluttu.

Nýbreytni var í vetur að haldin voru örnámskeið. Í lok funda tóku félagskonur að sér að kenna fundargestum eitthvað sem hægt var að sýna á stuttum tíma. Margrét Árnadóttir sýndi grunnatriði í skurðtækni, undirrituð sýndi hvernig átti að búa til samfelt skáband og Berglind Snæland sýndi hvernig hún býr til opnar gæsir og þríhyrninga ferhyrninga. Þessi dagskrárliður mæltist vel fyrir og legg ég til að hann verði áfram á dagskrá næsta vetur.

Oft hefur verið spurt um hvort félagið ætlaði að standa fyrir byrjendanámskeiði og því var drifið í að undirbúa slíkt námskeið í vetur. Stjórn fól Guðrúnu Hannele Henttinen og Margréti Ósk Árnadóttur að skipuleggja námskeið sem kenndi öll grunnatriði bútasams. Það fór svo að haldin voru tvö námskeið. Annar hópurinn var svo áhugasamur að þær konur ákváðu að stofna klúbb að námskeiðinu loknu. Nokkrar námskeiðskonur voru svo ánægðar að þær gengu í félagið og er það vel. Ég vil þakka þeim Hannele og Margréti fyrir undirbúning og námskeiðshald.

Á árinu tók við ný ritnefnd, þær Margrét Óskarsdóttir og Þórunn Oddsdóttir. Þær gáfu út vorblaðið, en afmælisnefnd sá um að gefa út blöðin á afmælisárinu.

Einnig tók við ný sýningar- og fræðslunefnd, þær Lovísa Jónsdóttir, Ragnheiður Björnsdóttir og Sirrý Poulsen. Þær tóku við af Guðnýju

Benediktsdóttur og Borghildi Ingvarsdóttur sem sáu um tækifæriskortasýninguna í Perlunni og EQA sýninguna í Ráðhúsinu.

Kaffinefnd skipuð konum úr Austurblokkinni sá um veitingar á félagsfundum en mun ekki gefa kost á sér aftur og verður kosið um hana á eftir.

Dagbjört Guðmundsdóttir, Borghildur Ingvarsdóttir og Hrönn Antonsdóttir sinntu Hetjuteppaverkefninu. Hrönn mun hætta núna en í hennar stað koma þær Pálína Árnadóttir og Guðrún Auðunsdóttir.

Erla Sigurðardóttir tók að sér samskipti félagsins við hina fulltrúa EQA.

Anna Margrét Árnadóttir hefur séð um fésbókarsíðu félagsins frá upphafi en hefur tilkynnt að hún muni ekki sinna henni áfram. Ung kona, sem að vísu er ekki félagskona, hefur samþykkt að taka að sér rekstur síðunnar.

Þakka ég öllum þessum konum kærlega framlag sitt til félagsins, þær hafa unnið verk sín af dugnaði og samviskusemi. Það er nefnilega heilmikil vinna að reka félag eins og okkar og margar stundir unnar bak við tjöldin sem eru ekki alltaf sjáanlegar.

Ég hef átt því láni að fagna að kringum mig hefur safnast jákvæður hópur sem hefur tekið vel í allar þær hugdettur sem ég hef fengið. Þetta eru bæði stjórnar- og nefndarkonur, sem og vinir. Að öðrum ólöstuðum eru þó tvær sem skera sig úr. Það er gjaldkeri félagsins, Svala Stefánsdóttir, sem hefur alltaf átt svör við öllum spurningum mínum og hefur alltaf verið með hlutina á hreinu. Svo er það Guðný Benediktsdóttir sem ávallt hefur verið gott að leita til. Hún hefur brugðist skjótt við, hvort heldur faglega eða bara með að koma með fjöltengi sem gleymdist.

*Ritað í Garðaba, 4.5.2011
Borghildur Ingvarsdóttir*

Frúrnar í bútum og karlarnir í golfi

Ingibjörg

Ritnefnd fór og heimsótti tvær Rafkastamiklar bútasaumskonur til að skoða hjá þeim vinnuaðstöðuna. Vel má vera að það verði öðrum til umhugsunar um hvernig útbúa má sína eigin aðstöðu.




Fyrst heimsóttum við Ingibjörgu Guðjónsdóttur á Akranesi, en hún hefur stundað bútasauminn í 25 ár og er afkastamikil og afar skipulögð. Ingibjörg og maður hennar Jón Ármann Einarsson eru nýflutt í íbúð með mjög fallegu útsýni. Þar hefur hún útbúið sér fallett vinnuherbergi, en það hafði hún ekki áður. Allt er skipulagt frá A-Ö. Efnunum raðað eftir litum, öll áhöld hafa sinn stað og bútasaumsbókum- og blöðum raðað í röð. Áður en skápar og hillur voru keyptar var hún búin að leggja það niður fyrir sér hvernig hún vildi hafa hlutina. Smiðurinn benti henni á að þetta væru alltof þröngar hillur en svona áttu þær að vera. Hún vissi nákvæmlega hvað hún vildi en smiðurinn vissi ekki hvað átti að geyma í hillunum. Ingibjörg notar líka geisladiskahillur frá IKEA undir fjórðunga.

Þegar Ingibjörg er að byrja á verki lætur hún efnin liggja á borðinu í nokkurn tíma til að melta með sér hvort þetta sé örugglega sú litasamsetning



sem hún vill hafa. Hún handstingur mikið sjálf, notar ramma og byrjar alltaf frá miðju. Stærri verk lætur hún stinga fyrir sig.


Þegar hún byrjaði í bútasaumnum var ekki mikið til af efni og munstrum. Því var það að hún hannaði oft sín eigin munstur og safnaði þeim í möppur sem hún geymir. Áhöldin, hjálpartækin og bækur voru keypt frá Ameríku. Ingibjörg hélt sína fyrstu einkasýningu á verkum sínum í Stakhúsinu á Akranesi



og hefur haldið nokkrar sýningar síðan, bæði einkasýningar og með öðrum. Það var svo á fyrstu sýningunni sem Ingibjörg var spurð hvort hún vildi vera með námskeið þar sem væri skorið með hníf í verkefnið og raðsammað. Tók hún vel í það og hefur haldið mörg námskeið síðan.

Ingibjörg er nýbúin að sauma teppið sem prýðir forsíðuna og sem sönn Skagakona hefur hún sett mynd af tveimur fótboltaköppum í verkið. Verkið er handa barnabarni.

Eitt sinn er Jón og Ingibjörg fóru í golfferð til Túnis tók hún með sér fullt af efnunum og pappírssaumaði fallett teppi (Ingibjörg spilar ekki golf). Í teppinu eru 1323 bútar.



Túnisteppið.

Guðrún

Á leiðinni til baka heimsóttum við Guðrúnu Snæbjörnsdóttur og mann hennar Guðna Steinar Gústafsson, þar sem þau búa í fallegu húsi í Mosfellsbænum. Útsýnið er fagurt og á vorin er gaman að fylgjast með fuglunum í tilhugalífinu í fjörunni rétt fyrir neðan húsið.



Þegar við komum inn og litum inn í vinnuherbergi Gulla, eins og hún er alltaf kölluð, var önnur tölvustýrða vélín, hún á tvær, á fullu að sauma út gullfallega




mynd sem á eftir að prýða tösku, dúk eða eitthvað annað. Gulla gerir töluvert af því að láta saumavélnar sauma munstur fyrir sig og sýndi hún okkur nokkur verk sem hún er að vinna að. Þegar líður að jólum er heilmikið fjör á saumastofunni þegar báðar vélnar eru á fullu!

Gulla byrjaði í bútasami fyrir nokkrum árum þegar hún varð að vera mikið heima vegna erfiðra veikinda. Hún átti 40 ára gamla saumavél og ákvað að skipta henni út fyrir tölvustýrða Husqvarna saumavél, algjöran kjörgríp, sem hún segir hafa bjargað sinni sálarheill. Hún hefur saumað fjölmörg

teppi, dúka, töskur og merkt handklæði o.fl., sem hún hefur gefið afkomendum, öðrum fjölskyldumeðlimum og vinum. Öll teppin eru merkt með nafni eiganda og ártali. Þess má geta að Guðni Steinar, maðurinn hennar, styður hana heils hugar í þessu áhugamáli og sér til þess að hún eigi alltaf bestu tækin!

Vinnuherbergið er rúmgott og mikið og gott skápa- og skúffupláss fyrir efni, tæki og tól. Hún sker allt efni á borði sem er 110 cm á hæð og keypt í IKEA. Mikla athygli vöktu tvinnastatív, sem keypt voru í Virku. Á einn vegginn hefur hún hengt upp flísteppi þar sem hún raðar bútum saman til að sjá litasamsetninguna. Hún býr líka til munstur úr afgangsefnum og notar á bak. Gulla segist mikið nota plastmót, sem hún segir frábæra hönnun og spara mikinn tíma og forða frá mistökum. Mótin eru frá Marti Mitchell og fást í



Hún er í Tumbleberriesklúbbnum hjá Guðfinnu í Virku og hefur einnig tekið þátt í námskeiðum sem Virka



Virku. Við vinnslu á teppi byrjar hún á því að teikna það upp, velja mót og raða saman litum.

Hún kaupir einnig bútasamsbækur- og blöð og fær hugmyndir þaðan. Þá kemur netið oft að góðum notum og þangað er hægt að sækja allt sem varðar bútasam og útsam. Hún nær í munstur á netinu eða kaupir munsturdiska og færir þau inn á saumavélina beint úr tölvunni.

Það tekur oft ansi drjúgan tíma að „hanna“ áður en byrjað er að sauma! Gulla stingur bútasamsverkin yfirleitt í vélinni, en stærri teppi lætur hún stundum stinga fyrir sig.

heldur árlega á Hótel Örk. Þá koma saman yfir 50 konur – hver með sína saumavél. „Þar fáum við í hendur valin verkefni og leiðbeiningar og saumum saman yfir helgi. Það er svo skemmtilegt að hitta hressar konur sem hafa sama áhugamál!“ segir Gulla.

Það var einstaklega ánægjulegt að heimsækja þessar duglegu bútasamskonur og sjá verkin þeirra og vinnuaðstöðu.

Til gamans má geta þess að eiginmenn þeirra beggja spila báðir golf.

Margrét Óskarsdóttir og Þórunn Oddsdóttir

Frá hugmynd að verki

Ég man ekki eftir mér öðruvísi en með blýant, liti og blað. Þegar ég var barn voru uppáhalds gjafirnar mínar litabók og litir en ég ætlaði samt aldrei að verða listamaður. Ég fór í kringum það eins og köttur í kringum heitan graut, fór í fjölbrautarskóla með listasvið innan sviga, fór í húsmæðraskóla og lærði hannyrðir. Lærði ljósmyndun í tvö ár og lærði tækniteikun. Fór meira segja í einkaritaraskóla, sem gaf mér nú reyndar ekki mikið.



Árið 1995 hóf ég nám í Myndlistaskólanum á Akureyri. Það má segja að þá hófst nýtt tímabil í lífi mínu, námið opnaði fyrir mér nýja sýn og það var eins og vitund mín opnaðist. Á öðru ári í náminu tók ég viku áfanga í textíl og það var nóg, leið mín var valin. Ég ákvað um vorið að taka mér eins árs frí því ég varð að vinna úr þeim hugmyndum sem kviknuðu. Þetta ár hefur verið svolítið langt og stendur það enn yfir 14 árum síðar.

Náttúran skiptir mig miklu máli og ferðast ég mikið með myndavélina sem ég kalla skyssubókina mína. Þar fanga ég augnablikið og í raun er náttúran svo




margbreytileg hér, að maður gæti nánast verið á sama stað og fengið alltaf eitthvað nýtt. Maður gæti farið að heiman í sól og sumaryl, fengið rigningu og rok og endað í hrið. Og hvert veðurbrigði hefur sína liti og hughrif. Og líklega er ég eins

og veðrið á Íslandi því ég hef gaman að því að vinna í mörgum mismunandi efnum og blanda saman mismunandi tækni.

Oft byrjar verkið út í náttúrinni sem ljósmynd sem ég vinn áfram í vatnslitum og endar sem textílverk og jafnvel abstrakt þar sem lítið er eftir af upprunalegri fyrirmynd. En ferðalagið í myndsköpuninni er það sem heillar mig mest og sérstaklega þegar það tekur óvænta stefnu.

Oft hef ég fengið þá tilfinningu að ég hafi fæðst á rangri öld, ekki að ég þurfi að fara 1000 ár aftur í tímann, ég held að það sé meira sú áráttá að þurfa að vinna allt frá grunni og leita inná við. Að láta náttúruna vinna með mér og leyfa mér að tengjast þeirri orku sem í henni býr. En það sem fangað hefur huga minn





Þessa dagana leiðir mig þó aftur um þúsund ár, til víkinga- og miðalda.

Þegar ég var átta ára gaf pabbi minn mér bók með mexikönskum táknum og munstrum. Þessa bók hef ég haldið mikið upp á án þess að hafa vitað hvaða not ég hefði af henni. Þegar ég fór að grúska í handverki forfeðra okkar fann ég þá samsvörun sem ég var að leita að og hvernig mismunandi menningaheimar tengjast saman. Hve lík við erum, hvaðan við komum og hvert við stefnum. Við

þurfum næringu og samsvörun í því sem við tökum okkur fyrir hendur.

Ég heillaðist af klæðnaði, handverki og þeirri sköpunargleði sem finnst frá þessu tímabili. Allt frá skreytingum á skipum, skarti og öllum þeim hlutum sem voru til daglegra nota. Það sýnir hvað við höfum ríka þörf fyrir að skreyta umhverfi okkar og gleðja augað og í raun bara að skapa.

Ferð mín aftur í tímann hefur verið mjög spennandi og margt nýtt og skemmtilegt komið inn í verkin mín. Ég hef leyft mér að fljóta og látið verkin nánast vinna sig sjálf, ásamt því að vera sjálfri mér trú í leit að nýju viðfangsefni. Form þessa tíma heilla mig og sú nálgun við náttúruna og líðandi stund.

Það sem ég skynja í þessari rannsókn minni er líka að það er sama hvernig umhverfið er og á hvaða tímum við lifum, við höfum sömu væntingar og þrár sem móta líf okkar.



Svala K. Egilsson
www.gallerygryla.nett.is

Um hetjuteppaverkefnið 2011

Fyrir aðalfund 2010 bárust 6 hetjuteppi, ákveðið var að afhenda ekki teppin þar sem þau voru mjög fá og upp kom sú hugmynd hjá afmælisnefndinni að setja upp saumahorn í Perlunni á meðan að afmælishátíðinni stóð yfir. Afmælisnefndin fékk 2 hetjuteppi að láni til að hengja upp í Perlunni og kynna verkefnið og hvetja konur til að taka þátt. Þetta framtak tókst vel og þökkum við afmælisnefndinni fyrir gott framtak.


Í nóvember stóð Borghildur Ingvarsdóttir formaður félagsins fyrir átaki í þágu hetjuteppaverkefnisins með því að fá nokkrar konur til að skera niður gjafaefni sem félaginu hafði verið gefið. Það voru auk Borghildar þær Dagbjört Guðmundsdóttir, Pálína Árnadóttir og Guðrún Auðunsdóttir sem tóku það að sér. Skorið var niður í allmörg teppi sem síðan voru saumuð á saumadegi í Fella og Hólakirkju í janúar. Þar mættu um 15 konur til að sauma teppin, og þökkum

við þeim fyrir gott framlag. Einnig hafði félagskona gefið 10 teppatoppa, sem þurfti að setja saman í teppi. Þessi gjöf er rausnarleg og þökkum við hana.

En þá var vandinn að finna konur til að klára þessi teppi og náðist það á félagsfundi þar sem Dagbjört Guðmundsdóttir bauð út þessa toppa og sem betur fer eigum við viljuga féлага sem tóku þetta að sér. Það verður að segjast að þetta var óvenjuleg staða fyrir hetjuteppaverkefnið þar sem við höfum aðeins tekið við fullkláruðum teppum og við verðum að halda okkur við þá reglu í framtíðinni. Hver og ein verður að klára sitt teppi, þetta þýddi útgjöld og aukavinnu fyrir marga féлага okkar.

Einnig voru saumuð nokkur teppi á saumahelgum á Löngumýri að undirlagi Pálinu Árnadóttur, en hún hvatti konur til að nýta það sem til féll af efni.

En allt sem á undan er talið hefur jú leitt til þess að í ár voru afhent 53 teppi til Umhyggju og eru þá gjafateppin orðin 254 í allt og hafa þau dreifst um allt



land, börnum og foreldrum til mikillar ánægju. Þetta sýnir að samstaða, jákvætt hugarfar og umhyggja fyrir þeim sem maður mætir í lífinu áorkar miklu.

Takk fyrir ykkar framlag kærur félagar.

Dagbjört Guðmundsdóttir

Sýnishornateppi Vinabandsins

Sameiginleg áhugamál styrkja vina-
bönd og veita ómælda ánægju. Í
vesturbæ Reykjavíkur starfar búta-
saumshópur sem nefnist *Vinabandið*.
Hann telur liðlega 20 konur en sumar
fást við annað handverk þegar hópurinn
hittist. Síðastliðinn vetur færðust konur-
nar í aukana, og nokkuð í fang, er þær
réðust í að sauma svonefnd sýnishorna-
teppi með 20 blokkum en í slíkum tepp-
um byggir hver blokk á nýrri sauma-
aðferð.

Forsaga málsins er sú að undirrituð
keypti tvær bækur eftir Lynne Edwards
2005. Lynne hélt námskeið þar sem
viðfangsefnið var sýnishornateppi. Ári
síðar vildu þátttakendurnir sauma annað
teppi af svipaðri gerð. Slík var ánægjan
með verkefnið. Í umræddum bókum eru
mynstrin sem Lynne kenndi að sauma
og við lestur og skoðun á þeim kviknaði
hugmynd um að fá nokkrar konur til að
sauma annað teppa Lynne. Jarðvegurinn
til að mynda hóp var fyrir hendi meðal
nokkurra systra í samfrímúrarastúk-
unni Baldri og vinkvenna þeirra sem
höfðu tekið bútapestina. Haustið 2008
höfðum við farið að hittast og sauma
saman í félagsmiðstöðinni á Aflagranda
og fengið Önnu Guðnýju og Guðnýju
í Bót.is til að halda tvö námskeið fyrir
okkur. Samveran þróaðist út í það að
þær sem geta hittast nú einu sinni í viku
milli kl. 13 og 16 en saumastofan á Afla-
grandanum er öllum opin á þeim tíma.
Engin okkar var þá forfallin bútasaums-
kona en við höfðum saumað og áhuga á
hannyrðum. Með tilkomu hósins fór
boltinn að rúlla og vorið 2010 reifaði
ég hugmyndina að sýnishornateppinu.
Hún féll strax í kramið. Verkefnið vatt
upp á sig, var smitandi, og því erum við
18 konur sem saumum nú hver sitt sýnis-
hornateppi.

Við pöntuðum bókina með mynstr-
inu um vorið, lásum hana, skoðuðum
og spáðum í mynstrin um sumarið og
hófum verkið um haustið. Við settum
okkur reglur til að auðvelda alla vinnu.
Sýnishornateppið skyldi vera gælverk-

efni sem við ætluðum
að njóta sérstaklega.
Allar skyldu sauma
sömu blokk á sama tíma
og engin mátti spana
á undan. Samvinna og
hjálpsemi voru lykil-
orðin. Áætlað var að
saumaskapurinn tæki
um tvö ár. Við höfðum
engan sérstakan leið-
beinanda, þær reyndari
skyldu vera hjálpsamar,
og saman ætluðum við
að ráða fram úr vanda
sem upp kæmi. Sumar
blokkirnar virtust
vissulega vandasamar
og ógnvekjandi en að
sama skapi kitlandi og
ögrandi; sköpuðu ein-
faldlega áhuga og eftirvæntingu.

Við fórum margar ferðirnar í Virku,
a.m.k. tvær saman, til að hjálpast að við
efnisvalið. Engin þurfti að engjast ein og
sér. Stundum hittumst við þar óvænt, og
skemmtum okkur innilega. Við vildum
vanda valið, fullar lotningu og auðmýkt
fyrir viðfangsefninu. Stelpunum í Virku
er hér þökkun ómæld þolinmæði. Hver
kona valdi sér litalínu en í bók Lynne
voru góðar leiðbeiningar um hvernig
mætti standa að efnisvali, hversu mikið
magn þyrfti o.s.frv. Þetta voru dýrlegar
stundir. Hamingjan geislaði af okkur og
áhuginn var ósvikinn á hvernig hinum
reiddi af í valinu. Við fundum að verk-
efnið okkar stefndi í eitthvað annað en
venjulegt bútasaumsteppi.

Blokkirnar í teppinu bera allar nöfn,
s.s. innri borgin, fljótasaumaðir þríhyrn-
ingar, keltneskur hnútur, flækt stjarna,
sagtennt fjöll, bindishnútur, fljúgandi
gæsir, hörpudiskur, að ógleymdu
indíanamynstri og karólínskrililju sem
reyndi verulega á þolrifin. Bindishnú-
turinn og gæsirnar voru raunverulega
á lofti og var gaman að kynna slíkri
áferð. Hver blokk hefur sinn „karakter“
og það er unun að glíma við sérkenni



Hér er hópurinn með fyrstu blokkina. Fremri röð frá vinstri: Pála Jónsdóttir, Kristín Jónsdóttir, Kristín H. Sigurðardóttir og Stefanía Vigfúsdóttir. Aftari röð frá vinstri: Brynja Rögnvaldsdóttir, Halldóra Guðjónsdóttir, Magnea Guðmundsdóttir, Sigurlaug Jónsdóttir, Guðrún Ásbjörnsdóttir, Elísabet Sigurðardóttir, Guðmunda Þorleifsdóttir og Sólveig Sigurjónsdóttir. Á myndina vantar: Hólfríði Guðjónsdóttur, Steinunni Lórentzdóttur, Huldu Petersen og Ingigerði Þorsteinsdóttur.

hennar en gæta samt að samræmi milli
allra blokka teppisins. Útkoman verður
afar fjölbreytileg þegar sama blokkin er
skoðuð hjá 18 konum, jafnvel þeim sem
líkustu litina völdu!

Sumar blokkirnar eru ýmist hand-
saumaðar eða vélsaumaðar, stundum
blanda af hvoru tveggja. Við handsting-
um blokkirnar hverja fyrir sig jafnóðum
og einna ljúfastar stundir eigum við
„saman í hring“ við þá iðju og notalegt
spjall. Þetta auðveldar líka að halda hóp-
inn hvað hraða snerti. Það er ótrúlega
gaman að handstinga og eykur aðeins
kærleikann og alúðina sem saumakonan
leggur í verk sitt.

Undirrituð hefur þýtt og endursagt
snöggsóðnar leiðbeiningar upp úr ensku
bókinni um hverja blokk en allar konur-
nar hafa brotist að meira eða minna leyti
í gegnum bók Lynne sér til fræðslu og
ánægju en saumaleiðbeiningar hennar
og myndir eru skotheldar. Margoft hef-
ur komið í ljós að hún er með bestu
lausnina þegar við höldum að hægt sé
að stytta sér leið. Við grínudumst með
það í upphafi að upplagt væri að halda
sýningu á teppunum þegar vinnu lyki.
Enn er sú hugmynd við lýði, hvað sem



1. blokk. Innri borgin



2. blokk. Keltneskur hnútur



3. blokk. Flækt stjarna



4. blokk. Fljótgerðir þríhyrningar



5. blokk. Keltneskur hnútur



6. blokk. Sagtennt fjöll



7. blokk. Karólinsk lilja



8. blokk. Bindishnúturinn



9. blokk. Hörpudiskur

verður. Einnig hefur verið minnst á að fá Lynne í heimsókn. Það að sauma gæsir á lofti „lyftir“ undir ímyndunaraflíð!

Vinna okkar er hálfnuð, tíundu blokk á að vera lokið nú í lok ágúst. Við hlökkum til að hefjast handa strax í september. Ástæða er til að hvetja þær sem áhuga hafa á að hella sér út í svona verkefni, hjálpast að með reynsluna að vopni. Konur geta svo sannarlega verið konum bestar. Það er með sýnishornateppi eins

og veðrið: Það er betra þegar út er komið en það sýnist í gegnum gluggann.

Kristín Jónsdóttir



10. blokk. Fljúgandi gæsir

Hjartataska

Efni / skurður

Notið a.m.k. þrjú mismunandi efni

Efni #1 - taskan

Tvö stykki 15" x 18"

Efni #2 - göng fyrir satinborða

Tvær lengjur 2" x 10"

Efni #3 - hornin á töskunni - hjartað


Einn fermingur 10,5", skáskorinn í tvo þríhyrninga

Efni #4 (eða eitt af fyrrnefndum efnum) - höldur

Tvær lengjur 3,5" x 26"


Satinborði - 64" (160 cm), max 0,5" breiðan (1,25 cm)

Notið ¼" saumfar - ¼" saumfar er innifalið í skurðarleiðbeiningum



Efni #1 (tvö stykki 15" x 18") - taskan

Strikið efnið á réttunni. Annað í hægra neðra horni og hitt í vinstra neðra horni 9" frá botni (skástrikað)



Efni #2 (tvö stykki 2" x 10") - göngin

Brettið tvisvar sinnum inn á styttri endana 1 cm á báðum stykkjum, pressið og saumið niður. Þrjútið stykkið saman á lengdina, ranga móti röngu, pressið



Leggið göngin niður á strikuðu línuna á efni #1 (ofan á réttuna) þannig að brotið vísi "upp", sjá mynd. Passið að það sé jafn langt í vinstri og hægrri jaðar. Gerið svona við bæði stykkjin.

Efni #3 (einn 10,5" fermingur skáskorinn í tvo þríhyrninga) - hornin á töskunni


Leggið einn þríhyrning ofan á efni #2 (göngin) og stóra stykkið (efni #1), rangan á þríhyrningnum á að snúa upp, sjá mynd.



Saumið. Veltið þríhyrningnum og göngunum yfir og pressið (ekki skera gula hlutann sem er undir frá). Gerið svona við bæði stykkjin.




Saumið stóru stykkjin tvö saman, með rétturarnar saman, allar hlíðar nema opið á töskunni




Snúið stykkjinu við

Brettið tvisvar sinnum inn á opið 1" (als 2"), pressið og saumið niður.




Efni #4 (tvö stykki 3,5" x 26") - höldurnar

Saumið lengurnar saman á lengdina, réttur saman. Snúið höldunum við, pressið og saumið niður. Lokið endunum og saumið höldurnar innan í töskuna, u.þ.b. 1,5" niður frá brúnunum.



Klippið satinborðann í tvennt (2x80 cm). Setjið borðana inn í göngin (sjá mynd), bindið "svörtu" endana saman í hnut og "rauðu" endana saman í hnut. Troðið öllum "gula" hlutanum ofan í þann "bláa", togði í "rauða" og "svarta" hnúttinn til að loka pokanum og þá myndast titið hjarta.



„Crazy Quilt“

Saumaadferð sem hefur verið nefnd Crazy Quilt hefur notið umtalsverðra vinsælda í nokkur ár. Crazy Quilt er best lýst með því að sauma saman litla efnisbúta beint á annað efni án þess að vera með ákveðið snið. Þegar því er lokið er saumað yfir saumförin með skrautspori af einhverju tagi og stykkið skreytt enn frekar með alls konar skrautsporum á sjálf efnin. Ólíkt venjulegu bútasaumsverki er ekki notað millifóður í „Crazy Quilt“ heldur saumað beint á bakið. Svona verk voru meira ætluð til skrauts þar sem þau voru ekki eins hlý og venjuleg bútasaumsþessi.

Philadelphia í Bandaríkjunum hélt upp á 100 ára afmælið sitt árið 1876 með mikilli listaverkasýningu. Sýningarbás frá Japan vakti mikla athygli og talið er að sú sýning hafi verið mikill áhrifavaldur varðandi „Crazy Quilt“ þar sem konur höfðu mikinn áhuga á að útfæra japönsku mynstrin yfir á sín verk. Kvinnablöð þess tíma voru fljót að taka við sér og efni og mynstur urðu til sem og ráðleggingar um alls konar saumaskap.

Silkiframleiðendur voru yfir sig ánægðir með þennan aukna áhuga kvenna á saumaskap og voru fljótir að koma með mynsturbækur, pakkningar með silkibútum, silkipræði og fleira sem til þurfti. Jafnvel sigarettuframleiðendur sáu sér hag í þessum nýtilkomna áhuga og settu smábút af silki í pakkana. Konur gáfu eiginmönnum sínum gjarnan vindlapakka og þá fylgdi smábútur af silki með sem var ætlaður til notkunar í umrædd verk, gjarnan með mynd af fallegu blómi eða fugli.

Í upphafi varð þessi aðferð vinsælust á efnaðri heimilum. Viktoría drottning í Bretlandi var mikill aðdáandi „Crazy Quilt“ og óforbetranlegur safnari alls konar hluta sem nota mátti við þessa iðju og þá sérstaklega hluta sem höfðu tilheyrnt manni hennar, Alberti prins. Þessi söfnunarárátta smitaðist út í samfélagið og hafði áhrif á þær konur sem lögðu stund á svona handavinnu. Á

Viktoríutímanum (1837-1901, en það var sá tími sem Viktoría drottning var við völd) náði þessi aðferð hvað mestum vinsældum. Þess má geta að Bretaveldi var stórt á þessum tíma og konur í efri stigum þjóðfélagsins höfðu meiri fjárráð og tíma til þess að sinna þessu áhugamáli sínu. Fátækari heimili höfðu ekki efni á að nota dýr efni í þau verk sem þar voru sköpuð og lágstéttarkonur höfðu ekki heldur tíma til þess að sinna svona saumaskap.

Þar kom þó að því að efnaminni konur gætu keypt sér t.d. silkibúta beint frá verksmiðju í gegnum vörulista og þar með breiddist þessi saumaadferð smám saman út. Þegar leið fram á 20. öldina fóru konur að nota ódýrari efni, s.s. gallaefni, flónel og önnur bómullarefni.

Fjáröflunaraðilar voru fljótir að sjá sér hag í þessari saumaadferð, skrifuðu frægu fólki og báðu um smáefnisbúta sem setja mætti í hin ýmsu verk, en það jók verðmæti þeirra. Verkin voru síðan seld hæstbjóðanda á uppboðum og andvirðið notað til þess að fjármagna t.d. störf trúboða, byggingu samkomuhúsa og fleira.

Oft má lesa úr gömlum verkum fjölskyldusögu höfundar. Það má sjá á þeim bútum sem hafa verið notaðir. Gamlir vasaklútar, blúndur, milliverk, silkibútar, flauel, snjád barnaföt, allt þetta var notað. Mörg verk voru gerð til þess að skrá sögu fjölskyldunnar. Safnað var saman ýmiss konar efnum, s.s. hattböndum og bindum, blúndum og koddaverum svo eitthvað sé nefnt, og í þau var gjarnan saumað nafn viðkomandi aðila. Hlutir sem notaðir voru til þess að skreyta verkin voru jafn mismunandi og efnin sem notuð voru. Perlur og alls konar steinar voru algengt skraut. Jafnvel tungumál blóma var notuð, t.d. táknaði rósarinn minningar. Önnur tákni voru t.d. kóngulóarvefur sem táknaði heppni, akkeri táknaði trú eða traust og krans þýddi sorg.

Hvers vegna „Crazy Quilt“ varð svona vinsælt er ekki gott að segja. Þó

má gera sér í hugarlund að ástæðan geti verið sú að hér gat hönnuðurrinn/sauma-konan útfært sitt eigið listaverk eins og hún vildi hafa það. Á Viktoríutímanum var konan fyrst undir stjórn föður síns og eftir að hún giftist var það eiginmaðurinn sem stjórnaði. Konur voru ekki hvattar til þess að sækja sér framhaldsmenntun í skólum, heldur var þeim kennt að reka heimili, elda mat, sauma og mála. Að útfæra svona verk gat komið í veg fyrir taugaáfall, það var betra en að fá sér gin og tónik og að taka inn pillur af ýmsu tagi. Í svona verki gat viðkomandi tjáð tilfinningar sínar og listræna hæfileika á eigin nótum.

„Crazy Quilt“ hélt vinsældum sínum allt fram til ársins 1920 en þá fór að draga úr vinsældum þess. Á síðari hluta 20. aldar fór svo áhuginn að aukast á ný og listamenn nota þessa tilviljanakenndu aðferð við að búa til margs konar listaverk. Þúðar, töskur og ýmsir munir eru vinsælt efni.

Hér hefur aðeins verið stiklað á stóru hvað varðar þessa aðferð, Crazy Quilt, í bútasaumi. Margar bækur hafa verið gefnar út þar sem finna má góðar leiðbeiningar. Hér á landi eigum við listamenn í þessari grein og á bls. 16 er viðtal við tvær systur sem bera þann titil með réttu.

Margrét Óskarsdóttir

Heimildir: Judith Baker Montano: The Crazy Quilt Handbook. Revised 2nd Edition. C&T Publishing, ISBN 1-57120-173-4. <http://ezinarticles.com/?The-History-of-The-Crazy-Quilt&id=6284150> Sótt af netinu 19.7.2011. <http://www.caron-net.com/featurefiles/featmay.html> Sótt af netinu 19.7.2011.

Bútasaumshátíð í Birmingham 2011

Að venju var bæði margt að sjá og skoða á bútasaumshátíðinni “Festival of Quilts” í Birmingham. Öll innsend bútasaumsverk í samkeppni hátíðarinnar voru þar til sýnis. Þátttakendur voru á öllum aldri, frá ólíkum löndum og með ólíkan bakgrunn og fjölbreytni verkanna eftir því.



Indverksur útsaumur.

Fjöldi listamanna sýndu verk sín á hátíðinni og í þeim hópi má nefna Padmaja Krishnann er sýndi indverskan útsaum, sem á djúpar rætur í heimalandi hennar og skreytir meðal annars fatnað kvenna. Sérstaka athygli vöktu

þó karlkyns fulltrúar Egyptalands er sátu með krosslagða fætur og saumuðu mjög hratt með löngum nálum og klipptu efnið með grófum skærum eftir því sem verkinu miðaði. Með þessum hætti sköpuðu þeir gullfalleg applikeruð veggteppi og púðaver sem voru til sölu. Stétt þessara handverksmanna fer því miður fækkandi því bæði er þetta erfið og illa launuð vinna.

Á sýningunni var einnig fjöldi verka í eigu John Gillow en hann hefur ferðast víða um lönd múslíma og safnað textilverkum. Listasaga Arabaheimsins telur nokkrar aldir og því var fróðlegt að sjá ólík verk frá þessum heimshluta.

Í tilefni afmælis danska og írsku bútasaumsfélagsins voru þau með bása þar sem verk félagsmanna þeirra voru sýnd. Slíkar sýningar krefjast góðs undirbúnings og kostnaðar við sendingu verka og fólks milli landa.

Erla Sigurðardóttir



Arabískt verk.



Arabískt verk.




Indverksur útsaumur.



Arabískt verk.

Vinahringir Samsýning Evrópskra bútasaumsfélaga

Verk íslensku þátttakendanna á bútasauumshátíðinni í Birmingham 2011.



1. Margrét Óskarsdóttir
Himmastigi - Stairway to Heaven



2. Guðrún S. Tómasdóttir
Drekaflugan - The Dragon Fly



3. Lynda Harðardóttir
Litlir kassar - Square Pegs in around Hole



4. Pála Klein
Myndir frá Dubai - Photo from Dubai



5. Margrét Ósk Árnadóttir
Fjólublátt hjól - Purple Wheel




6. Lynda Harðardóttir
Vegir liggja til allra átta - Roads to nowhere



7. Sigríður María Torfadóttir
Systur - Sisters



8. Margrét Óskarsdóttir
Vegurinn - The Road



9. Birna Baldursdóttir
Blómið - The Flower



10. Guðný Benediktsdóttir
Hvítt, svart, fjólublátt - White, Black, Purple



11. Lára H. Halldórsdóttir
Hringrás - Circulation



12. Pála Klein
Dásamlegt líf - Glorious Life

Skapandi systur

Þegar Ásta Þórhallsdóttir sýndi saumaklúbbi sínum gríðarfallegt Crazy Quilt úr fórum sínum var forvitni undirritaðrar vakin. Umrætt teppi hafði



Rúmteppi Sigrúnar .

Ásta fengið að gjöf frá móður sinni, Sesselju Valtýsdóttur. Sesselja á heidurinn af útsaumnum en systir hennar, Sigrún Valtýsdóttir saumaði blokkirnar og setti teppið saman. Báðar eru gríðarlega öflugar alhliða handverkskonur. Ég fékk að hitta þær á heimili Sigrúnar í Keflavík þegar Sesselja var þar stödd en hún býr á Akureyri.

Sigrún er bútasaumskonan og gat að líta hjá henni mörg falleg og skemmtileg teppi. Hún byrjaði í bútasaumi fyrir 15 árum og saumaði þá hefðbundin mynstur, en eftir að hafa saumað þrjú stór rúmteppi fyrir börnin sín fékk hún nóg af því og hefur síðan haldið sig við Crazy Quilt. Hún er einstaklega nýtin og notar oftast efnisafganga í teppin sín. Rúmteppið hennar er til dæmis saumað úr afgangum af stórglæsilegum gardínefnum sem átti að henda.



Meiri afgangar.

Gallabuxnateppi sem hún saumaði fyrir öll sjö barnabörnin voru svo vinsæl að hún saumaði nokkur í viðbót og seldi. Hún nýtir síðan alla afganga úr öðrum verkefnum og saumar saman í skrautlegar blokkir. Undirlagið sem hún saumar blokkirnar á er oftast en ekki úr gömlum lökum.

Blómateppið sem var kveikjan að þessari grein er engin undantekning. Það er saumað að mestu úr flaeli úr ýmsum flíkum af fjölskyldu og vinum og

fötum keyptum hjá Rauða Krossinum. Undantekning er svarta flaelið sem var keypt sérstaklega fyrir teppið. Búturnir í teppinu eru u.þ.b. 20 x 20 cm að stærð og heildarstærð teppisins er 190 x 125 cm. Eins og áður segir saumaði Sigrún blokkirnar og Sesselja tók síðan við þeim til útsaums. Aðspurð segist hún



fékk hún meðal annars úr bók Eggerts Péturssonar, Flora Islandica.



Systurnar með teppið góða.

Sesselja er langt komin með að sauma út blóm í annað teppi og þær systur eiga nú þegar efni í þriðja teppið. Þær eru sammála um það að saumaskapurinn og handverkið yfirleitt sé þeim sálhjálpatriði, eða eins og Sigrún orðar það „þetta eru geðþrýðisdroparnir mínir“. Við vonum að þessi samvinna systranna haldi áfram að blómstra og að þær haldi áfram að skapa sjálfum sér og öðrum til ánægju.

Sigríður María Torfadóttir



Kirkjugluggar, yfir 2000 bútar.

hafa verið rúmt ár með verkið. Hún hafi notað það til að æfa sig í ýmiss konar útsaumi, lesið sér til og fengið hugmyndir víða að. Fyrirmyndir að blómunum

Þríhyrninga-ferningar

Á fundi í vor var Berglind Snæland með örnámskeið í gerð þríhyrninga-ferninga og fljúgandi gæsa. Ritnefnd fannst rétt að allir félagar í bútasaumsfélaginu fengju að njóta góðra

leiðbeininga Berglindar og því eru þær. Vinsamlega njótið og gangi ykkur vel.




Hér er skemmtileg aðferð við gerð þríhyrninga-ferninga. Fyrst eru ræmurnar skornar, síðan saumaðar saman, svo pressaðar í sundur og að lokum skornar í feringa. Enginn flái kemur á feringana og sé rétt farið að, verða þeir fullkomnir!!

Ræmubreiddir			Fjöldi feringa sem fæst		
Loka-stærð fernings:	Skorin stærð fernings:	Ræmu-breidd skorin:	10" feringur gefur:	13" feringur gefur:	15" feringur gefur:
1"	1½"	2"	35	61	84
1½"	2"	2¼"	23	43	53
2"	2½"	2½"	13	30	36
2½"	3"	2⅞"	10	20	27
3"	3½"	3¼"	7	16	19
3½"	4"	3⅝"	7	11	16
4"	4½"	4"	5	7	9




Farið eftir töflunni hér að ofan og skerið ræmur í þeirri breidd sem þar kemur fram. Dæmi: ef gefið er upp að lokastærð fernings eigi að vera 2", þarf feringurinn að vera skorinn 2½" sem þýðir að ég sker ræmurnar 2½" breiðar. Í sýnidæminu hér voru skornar ellefu 2½" ræmur, þar af sex dökkbrúnar og fimm í mynstruðum litum

- 1) Saumið ræmurnar saman með ¼" saumfari og pressið
- 2) Setjið stikuna ofan á saumana á ræmunum. Best er að nota ferhyrnda stiku með 45° línu. Gætið þess að 45° línan á stikunni renni rétt eftir saumfarinu á ræmunum. Skerið út rétta stærð. Í dæminu hér skerum við út 2½" fering. Hér þarf að gæta þess að skera alveg upp við stikuna eins og við getum, þ.e. ekki skera langt upp fyrir hana því þá skerum við inn í feringana sem við munum fá úr línu 2
- 3) Svona er haldið áfram til vinstri þar til við höfum skorið fimm feringa (það fer eftir því hvað við saumuðum margar ræmur saman hvað við fáum marga feringa út úr stykkinu). Hér erum við búin að skera eina línu yfir ræmustykkid.




- 4) Snúið ferningunum og skerið hinar hliðarnar til að mynda fullkominn $2\frac{1}{2}$ " ferning úr hverjum. Gætið þess líka hér að 45° línan á stikunni renni rétt eftir saumfarinu á ræmunum. Athugið að snúa alltaf öllum ferningunum til að skera hinar hliðarnar. Ég geri það alltaf. Þegar maður er kominn lengra inn í efnið virðast ferningarnir stundum alveg klárir þegar maður hefur skorið þá úr ræmublokkinni en þegar maður snýr þeim til að skoða þá betur þarf oft að skera 1-2 mm af hinum hliðunum. Fullkominn $2\frac{1}{2}$ " ferningur tilbúinn!



- 5) Í næstu línu þarf að gæta þess hvar við byrjum að skera. "Bannhringurinn" á myndinni sýnir algeng mistök, þ.e. að byrja að skera næst beint fyrir ofan þar sem við skárum síðast. Heili hringurinn sýnir hvar skal byrja að skera í næstu línu (línu 2)




- 6) Við höldum stikunni eins nálægt jaðrinum og við getum, þó þannig að við náum að skera út $2\frac{1}{2}$ " ferning. Gætum að 45° línunni á stikunni, að hún renni rétt eftir saumfarinu. $2\frac{1}{2}$ " ferningurinn er innan efnisins. Aftur skerum við út $2\frac{1}{2}$ " ferning. Ávallt þarf að gæta þess að skera alveg upp við stikuna eins og við getum, þ.e. ekki skera langt upp fyrir hana svo við skerum ekki inn í ferningana sem við munum fá úr línu 3




- 7) Lína 2 gaf okkur þessa fimm ferninga. Rauði hringurinn sýnir hvar á að byrja að skera í línu 3



8) Aftur fáum við fimm ferninga, hér úr línu 3.



9) Hér erum við langt komin með ræmublokkina og aðeins nokkrir ferningar eftir af henni.



10) Í þessu dæmi saumaði ég saman ellefu ræmur. Hver ræma var $2\frac{1}{2}'' \times 22''$. Þegar ég var búin að sauma þær saman var ég komin með eina ræmublokk: $22\frac{1}{2}'' \times 22''$. Úr blokkinni fékk ég svo fimmtíu og fimm (55) $2\frac{1}{2}''$ þríhyrninga-ferninga. Dúkurinn samanstóð af 400 ferningum svo ég þurfti að sauma alls átta svona ræmublokkir.



Ég vona að þessar leiðbeiningar opni á fullt af hugmyndum, t.d. hvernig nýta má allar afgangsræmurnar.

Ykkur er velkomið að hafa samband við mig ef þið hafið einhverjar spurningar. Einnig þætti mér gaman að fá myndir af afrakstri ykkar!

Takk fyrir mig,
Berglind Snæland
<http://www.catnap.typepad.com>



Bókaumfjöllun

Eftir smá umhugsun tók ég við áskorun frá Unni Ingadóttir á Selfossi. Þegar komið var að því að skrifa um einhverja uppáhalds bók fór ég að hugsa að ég ætti nú ekki margar bækur, en á þó nokkrar sem ég hef mikið stuðst við.

Ég keypti fyrstu bækurnar mínar, sem eru danskar eftir Lise Bergene, í lítilli búð í Runavík í Færeyjum. Í þeim eru mörg góð snið af töskum og litlum tuðrum sem ég hef saumað mikið af í tækisfæringsjafir. Svo er önnur sem er líka góð, hún heitir Lapper stort og smátt. Það eru mjög góðar leiðbeiningar í þeirri bók sem gott er að fara eftir. Svo er ein bók sem ég nota mikið, því mér finnst gaman að sauma skropp. Þar eru notaðir afgangar og fattarar eða bara það sem til er hverju sinni. Bókin heitir Bits and Pieces eftir Karen Costello Soltys. Þar er hægt að leika sér með alla liti og búa til fallega dúka og löbera. Barnabækur heilla mig líka alltaf. Svo nota ég mikið internetið og fæ margar skemmtilegar hugmyndir á „free quilter“ patterns. Það er alltaf gaman að skoða bækur og blöð um bútasauum.


Ég fékk nýtt saumaherbergi í vetur með sérhönnuðu sauma- og sniðaborði og finnst mér gott að sitja þar inni og kíkja í bækur. Það er svítan mín á heimilinu. Þar sem ég vinn mikið á næturvöktum er ég oftast með bók eða blað með í töskunni. Það heldur mér svo vel vakandi. Þá læt ég mig dreyma um að gaman væri að sauma eitthvað flott.

Ég lærði bútasauum hjá Þórdísi Björnsdóttir um 1986 þegar kvenfélagið Grein hélt námskeið fyrir félagskonur. Þá saumaði ég í nokkur ár en svo missti ég áhugann og hætti, en átti öll tæki og tól í skúffu sem lítið var notuð. Árið 2005 varð ég síðan þrúbura amma og langaði þá að sauma barnateppi. Þá voru góð ráð dýr því ég var búin að gleyma svo miklu af því sem ég lærði. Það var erfitt að byrja aftur. En þá komst ég í kynni við Skraddaralýsnar hér í Hvalfjarðarsveit sem er bútasauumshópur. Þær hjálpuðu mér af stað og rifjaðist þá fljótt upp

það sem ég var búin að læra og hef ég ekki stoppað síðan. Við hittumst hálfsmánaðarlega og saumum saman yfir veturinn. Heimasíðan okkar er: 123.is/skraddaralys

Læt ég hér staðar numið og skora á Björgu Ólafsdóttur, handavinnukennara frá Hamraendum í Stafholtstungum að segja frá sínum uppáhaldsbókum í næsta blaði.

*Með sól í hjarta og bútasauumskvedju
Sigrún Sólmundardóttir skraddaralús,
Belgsholti.Melasveit*



Fréttir frá Lettlandi

Með því að sameina tvær grasrótarhreyfingar stofnuðu Lettar sitt eigið bútasauumfélag þar sem áhugi fyrir hefðbundnum og óhefðbundnum bútasauumi fær að njóta sín. Félagið hefur nú fengið samþykka beiðni um aðild sína að samtökum Evrópskra bútasauumfélaga (EQA) og eru því aðildarlöndin orðin 18.

Samkeppni fyrir börn – Festival of Quilts 2012

Í tengslum við bútasauumshátíð í Birmingham er efnt til bútasauumssamkeppni meðal barna á aldrinum 5-16 ára. Þemað fyrir næsta ár eru: Demantar og er heimilt að nota hvaða tækni sem er og mega bútasauumsverkin vera af hvaða stærð sem er. Íslensk börn þurfa ekki að greiða þátttökugjald ef verkið er sent fyrir hönd félagsins. Nánari upplýsingar veitir Erla Sigurðardóttir, erla.thimble@gmail.com.

Ráð fyrir vélstungu

Á veraldarvefnum má finna ráð við mörgu og þar á meðal eftirtalda punkta í sambandi við vélstungu. Vonandi verða þessar ráðleggingar þeim að gagni sem eru að þreifa sig áfram við vélstungu í fyrsta sinn. Gott er að hafa í huga að æfingin skapar meistarann og það tekur nokkurn tíma að ná tökum á þessu.

- Veldu munstrað efni ef þú vilt ekki að stungan sjáist.
- Ef þú getur ekki lækkað flytjarann á vélinni þinni skaltu stilla sporlengdina á 0 til þess að draga úr hreyfingunni.
- Frekar en að rúlla upp stykkinu sem þú ert að stinga, brjóttu það þá heldur eins og harmonikku, þannig er auðveldara að vinna með það.
- Stilltu á uppáholdstónlistina þína, hún hjálpar þér að komast í rétta skapið við stunguna.
- Áður en þú byrjar að stinga er gott að draga tvinnuendann af spólunni í gegnum efnið, þannig getur þú haldið í báða þræðina þegar þú byrjar að stinga og enginn endi sem flækist á bakhliðinni.
- Hjálpartæki til að ná betri tökum á efninu þegar verið er að stinga er t.d.: gúmmíhanskar, plástur á fingurna, garðhanskar með gúmmí í lófunum, gúmmí sem settir eru fremst á fingurna og „latex“ hanskar.

- Nota léttar, jafnar hreyfingar, ekki þrýsta of fast á stykkið. Þá er meiri hætta á að saumurinn verði ójafn.
- Þegar stungið er fríhendis og stinga þarf yfir saumfar er gott að draga úr hraðanum til þess að hafa betri stjórn á stungunni. Þar sem þykktin á stykkinu er meiri í saumförum en annars staðar er hætta á að þráðaspennan verði meiri og að saumfarið verði styttra.
- Þegar þú þarft að snúa stykkinu sem þú ert að stinga hafðu þá nálina niðri.
- Ef þú þarft að hætta að stinga í miðjum klíðum vertu þá viss um að stykkið liggir rétt og það sé ekkert sem togi í það. Haltu við stykkið og byrjaðu að stinga á nákvæmlega þeim stað þar sem þú þurftir að hætta. Þannig á saumurinn að vera beinn.
- Hreinsaðu spóluhúsið oft, þar sem það fyllist fljótt af ryki sem kemur úr efnunum.
- Ef fótstigið er alltaf að færast til er gott að setja gúmmístykki undir það.
- Gott er að ganga frá endum með því að binda hnút á spottann nálægt efninu og þræða svo á milli efnanna.

Ritnefnd

Jólateppi 2010

Ég mætti á jólafund Íslenska bútasamsfélagsins árið 2009. Í það skiptið áttu allir að koma með merкта



þjötlu af stærðinni 6“ til að setja í pott sem síðan var dregið úr. Og viti menn ég fékk pottinn. Glöð og ánægð fór ég heim með allar þjötturnar og horfði á þær af og til fram á haustið 2010. Hvað gat ég gert með alla þessa snepla? Það voru því miður ekki svo margar sem mættu á þennan fund og ekki komu allar heldur með búta. Þess vegna var ekki hægt að gera úr þessu alvöru teppi.

Svo sá ég mynd í blaði sem vakti hjá mér hugmynd. Það var að gera teppi sem passaði yfir rúmið mitt til fóta. Því á jólunum setur maður sparirúmfötin, með heklaða eða útsaumaða milliverkinu, utan um sængurnar og því er alveg af og frá að hylja finu sængurverin með rúmteppi. Ég saumaði því saman alla búтана sem ég fékk á jólafundinum

fordum. Til að það passaði þurfti ég að bæta við tveimur bútum. Síðan var ég svo heppin að finna efni sem passaði hringinn í kring svo úr varð hið laglegasta teppi.

Það þurfti að stinga teppið. Á afmælisýningunni í Perlunni september 2010 prófaði ég „Grand Quilter“ saumavél sem Pfaff lánaði. Ég féll alveg fyrir þeirri vél og var nýlega búin að festa kaup á henni þegar kom að því að stinga teppið. Ég æfði alls konar stungumynstur með því að stinga teppið.

Á jólunum lá það svo til fóta á rúminu mínu og ég verð að segja að það fór bara býsna vel.

Ragnheiður Björnsdóttir

Stjórn og nefndir

Stjórn félagsins skipa:

Lovísa, formaður



Lovísa Jónsdóttir er fædd að Skeiðsfossi, Fljótum, í Skagafirði en uppalin á Akranesi. Var búsett í Vestmannaeyjum í 15 ár. Býr nú í Reykjavík og starfar sem bókarí.

Hún fékk snemma tilsögn hjá systrum og frænkum í Fljótunum í lopadúkku- og fatagerð á þær. Móðir hennar var saumakona og féllu oft til góðir bútar í föndurgerðina. Hefur stundað fatasaum, perlu- og útsaum, einnig hekl og þrjón. Einnig fíktað við glerskurð, ullarþæfingu og kórfulflettingar svo eitthvað sé nefnt.

Lovísa þarf alltaf að hafa mörg járn í eldinum. Hún reyndi að forðast bútasaum fram á síðustu stundu en hafði oft verið hvött til að skoða hann. Hún vissi að hannyrðafíkillinn ætti erfitt með að standast þá áskorun. Árið 2001 fór hún svo á námskeið í bútasami hjá Guðfinnu í Virku, síðan hefur hugurinn snúist að mestu um bútasaum.

Ragnheiður, meðstjórnandi



Ragnheiður Björnsdóttir er fædd á Húsavík en ólst upp á Laugum í Reykjadal. Nálægð við húsmæðraskólann og áhrif kvenfélagsins þar mótaði áhuga hennar á

hverskyns hannyrðum. Kvenfélag S-þing bauð upp á ótrúlegan fjölda námskeiða í hannyrðum sem móðir hennar sótti en kveikti áhuga Ragnheiðar. Bútasaumur hefur verið í huga hennar s.l. þrjátíu ár en fékk ekki pláss, vegna annarra áhugamála, fyrr en fyrir sex árum. Hún hefur ekki sótt nein námskeið í tengslum við bútasaum en klúbbsystur hennar hafa verið duglegar að leiðbeina henni.

Hulda, ritari



Hulda Petersen er borin og barnfæddur Reykvikingur og býr nú í Mosfellsbæ. Hefur alla tíð haft áhuga á alls konar handavinnu en frá 1997, eftir að hafa

farið á námskeið hjá Tömstundaskólanum, hefur hún verið mikið í bútasami. Nýtur þess að ferðast, bæði innanlands og utan, þó sérstaklega með bútasaumskonum.

María, meðstjórnandi



María Lúísa Kristjánsdóttir er fædd í Hafnafirði en flutti síðan upp á Akranes. Aðeins 17 ára fluttist hún að Stóra-Lambhaga Skilmannahrepp, Hval-

fjarðarsveit og hóf búskap með kýr og kindur ásamt eiginmanni sínum. Hætti búskap með öllu í kringum 1995 og hefur síðan starfað við ýmislegt, m.a. sem skólabílstjóri frá 1990.

Handavinna á hug hennar að öllu leiti og kom sá áhugi snemma þar sem móðir hennar var saumakona og fékk hún að gera það sem henni datt í hug og fékk góða tilsögn. Byrjaði í bútasaum 1996 og síðan hefur hugurinn snúist um bútasaum. Árið 2001 fékk hún svo nokkrar konur með og það leiddi af sé klúbbinn Skraddaralýs. www.123.skraddaralýs/.is

Fanney, varastjórnandi



Fanney Davíðsdóttir er alin upp í Kjósinni og rekur hárgreiðslustofuna Andromedu í Garðabæ. Amma hennar var á heimilinu þar sem hún ólst upp. Hún var mikil

hannyrðakona og komst Fanney ekki hjá því að smitast af henni. Hún komst í kynni við bútasaum fyrir um 15-18 árum og hefur verið óstöðvandi síðan. Oftast með mörg stykki í gangi í einu.

Svala, gjaldkeri



Svala K. Stefánsdóttir er fædd og uppalin í Fnjóskadal í Þingeyjarsýslu. Hún gekk í heimavistarskóla að Stóru Tjörnum þar sem lögð var rík áhersla á

handavinnukennslu og einnig gátu krakkar sótt klúbba á kvöldin sem ýttu undir sköpunarkraftinn. Mikil handavinna var á heimilinu og fyrir tvítugt var hún búin að kaupa sér bæði sauma- og þrjónavél. Hún vann við saumaskap meira og minna í 14 ár, en breytti þá til og vannur núna sem matsveinn hjá Aðföngum. Kynntist bútasauminum fyrir alvöru fyrir 3 árum er hún sótti helgarnámskeið og stundar hann nú ásamt annarri handavinnu.

Olga, varastjórnandi



Olga Magnúsdóttir er fædd á Akranesi og uppalin í Reykjavík. Hún er lærður kjötiðnaðarmaður og starfaði við það, þar til að hún flutti að Ósi 3 í Hval-

fjarðarsveit 1982.

Þau hjónin eiga og reka verktafyrirtæki og starfar hún þar sem fjármálastjóri. Þau eiga fjóra syni og tvö barnabörn.

Hún hefur alltaf verið mikið fyrir handavinnu frá því að hún var smá stelpa og saumaði og þrjónaði á dúkkurnar sínar. Hún saumaði mikið á strákana sína þegar þeir voru litlir. Hún fór á fyrsta bútasaumsnámskeiðið 1988 og saumaði í nokkur ár. Byrjaði svo aftur 2009 og gekk svo til liðs við Skraddaralýsnar síðastliðið haust og hefur verið óstöðvandi síðan.

Hún hefur gaman af allri handavinnu og er líka farin að þrjóna mikið aftur eftir nokkurra ára hlé.

Annað áhugamál hennar er garðrækt og hafa þau ræktað stóran garð á Ósi við erfiðar aðstæður frá sjó og vindi.

Fræðslu- og sýningarnefnd

Guðríður



Ég heiti Guðríður Ólafsdóttir, fædd og uppalin í Keflavík. Bý í Reykjavík, er skurð- hjúkrunarfræðingur að mennt og starfa sem slíkur. Frá unga aldri hef

ég haft áhuga á allri handavinnu og handverki. Fór á bútasaumsnámskeið í Virku fyrir mörgum árum. Hef sótt saumahelgar hjá Bót síðustu ár og lært mikið þar. Ég hef verið í Bútasaumsfélaginu í mörg ár.

Guðrún



Ég heiti Guðrún Bjarnadóttir og er í sýningar- og fræðslunefnd. Ég er fædd og uppalin í Keflavík, bý í Reykjavík og hef alltaf haft mikinn áhuga á hverskonar handavinnu.

Bútasauumurinn hefur heillað mig lengi, ég fór fyrst á námskeið hjá Guðfinnu í Virku fyrir allmörgum árum. Síðan hef ég sótt saumahelgar hjá Bót og lært heilmikið þar. Ég hef verið í Bútasaumsfélaginu frá upphafi og líkar það vel.

Sigríður



Sigríður Poulsen hefur haft áhuga á bútasauum frá unga aldri og byrjaði að dunda við hann í kringum 1980.

Gekk í félagið fyrir um 7 árum, hefur verið í stjórn sem varaformaður og í sýningarnefnd s.l. 2 ár. Hefur einnig séð um „Munaðarleysingjana“ sem eru konur innan félagsins en ekki í neinum klúbba.

sirryphjagmail.com

Hetjuteppanefnd

Dagbjört



Dagbjört Guðmundsdóttir er fæddur vesturbæingur, yngst af 10 systkinum, ólst upp í vesturbænum og í Kjósinni. Gagnfræðingur úr Verknámsskólanum

í Brautarholti Reykjavík, myndlistarnám í Noregi, „Aktivitor“ fagnám í Noregi, starfar á vinnustofu iðjubjálfunar Hrafnistu í Reykjavík.

Gerði sitt fyrsta bútateppi 1976 eftir fyrirmynd í dönsku Handarbeit blaði, fór síðan á tvö kennaranámskeið hjá Virku. Hefur kennt bútasauum og fatasauum síðan 1983, lengst af í Austur Skaftafellssýslu, en einnig fyrir IBF.

Síðasta áratug hefur hún hallast meira að málun og óhefðbundnum bútasauum, „art quilt“.

dagbjortg@internet.is

Borghildur



Borghildur Ingvarsdóttir er lífeindafræðingur, fædd á Akureyri. Hefur haft gaman af að búa til í höndunum frá því að hún man eftir sér. Saumaði mikið á dætur sínar þegar þær voru litlar. Heillaðist af ásaumi í bútasaumi til að byrja með en hefur gripið í saumavélina upp á síðkastið. Var ritstjóri Fréttabréfs Íslenska bútasaumsfélagsins 2002-2005.

s. 849 8022

fingurbjorg@gmail.com

Guðrún Auðunsdóttir

Pálína Árnadóttir

Kaffinefnd:

Helga Hauksdóttir
Elsa Ingvarsdóttir
Inga Guðjónsdóttir
Guðrún Auðunsdóttir

Ritnefnd

Margrét



Margrét Óskarsdóttir er Rangæingur að uppruna, en hefur búið á Reykjavíkursvæðinu síðan 1983. Hefur alla tíð haft gaman af hannyrðum og hannaði m.a.

peysur fyrir Lopa og band og prjónaði „prótótypur“ fyrir Ístex á tímabili. Kynntist bútasaumi í gegnum vinkonu sína og þá varð ekki aftur snúið. Hefur mestan áhuga í dag á óhefðbundnum bútasaumi. Margrét þarf alltaf að vera með nokkur verkefni í gangi af ólíkri gerð s.s. bútasauum, prjón, vefnað og saumaskap.

margretoskars@simnet.is

Þórunn



Þórunn Drífa Oddsdóttir er fædd og uppalin á Akranesi, en hefur búið í Steingrímsstöð við Úlfjótuvatn síðan 1981.

Ólst upp við allskonar handverk sem hefur verið áhugamál alla tíð hjá henni. Hún hefur saumað og prjónað á börn sín og barnabörn og stutt við fjáröflunarstarf hjá mörgum félögum með handverki. Bútasauumur hefur alltaf blundað í henni, hefur ekki sótt nein námskeið en hefur þeim mun meira lært af bókum og blöðum. Applikeraði fyrsta barnateppið um 1975 og hefur verið í bútasauumklúbba síðan um 2000. Vinnur sem matráðskona hjá Landsvirkjun í Sogsstöðvum.

EQA fulltrúi og vefstjóri

Erla




Erla Sigurðardóttir er fædd og uppalin í Reykjavík. Hún er viðskipta- og rekstrarfræðingur að mennt og hefur undanfarinn áratug starfað á fjármálasviði Landspítalans.

Frá unga aldri hefur Erla haft áhuga á allri handavinnu og handverki. Það þurfti heldur ekki mikið til að kveikja áhuga á bútasaumi enda margt sem heillar, mismunandi aðferðir, litir, efni og margt fleira. Frá upphafi hefur hún fylgst með starfi Íslenska bútasaumsfélagsins og gerðist fljótlega félagi.

erla.thimble@gmail.com,

s: 567 1296 / 847 4313



Teppi saumað af Guðrúnu Snæbjörnsdóttir

Sýnishorn af bakhlið teppisins.